



Fundargerð

Miðvikudaginn 25. júní 2018 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu félagsþjónustunnar á Blönduósi. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Dagný Úlfarsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir og Rannveig Lena Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn: Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri og Magnús B. Jónsson, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Jón Gíslason, sem hafði lengstan starfsaldur fundarmanna setti fundinn og stýrði kjöri formanns.

Dagskrá:

1. Kosning formanns, varaformanns og ritara

Tillaga um að Jón Gíslason verði formaður var samþykkt samhljóða og hélt hann því áfram stjórnun fundarins. Tillögur um að Rannveig Lena Gísladóttir verði varaformaður og Dagný Úlfarsdóttir ritari voru einnig samþykktar samhljóða.

2. Skipun félagsmálaráðs /barnaverndarnefndar

Eftirtaldir voru skipaðir í félagsmálaráð til fjögurra ára:

Ásdís Adda Ólafsdóttir	til vara	Anna M. Sigurðardóttir
Hjalti V. Reynisson	til vara	Sigríður Gestsdóttir
Jensína Lýðsdóttir	til vara	Kolbrún Á. Guðnadóttir
Lee Ann Maginnis	til vara	Kári Kárason
Þorbjörg Bjarnadóttir	til vara	Jóhanna H. Halldórsdóttir

3. Staða og horfur:

a. Framkvæmdastjóri vegna rekstrar

Fyrir fundinum lá útprentun úr fjárhagsbókhaldi Félags og skólaþjónustu miðað við tímabilið 1. jan. – 30. júní 2018 sem framkvæmdastjóri fór yfir og kynnti. Stjórn ræddi fjárhagsyfirlitið sem var til kynningar.

b. Félagsmálastjóri um verkefni félagsþjónustu

Félagsmálastjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum og þjónustubáttum sem unnið er með á skrifstofu Félags og skólaþjónustunnar og fór yfir hvernig þróun og horfur eru í þjónustubáttum sem varða málaflokkinn. Stjórnin ræddi málið sem var til kynningar.

4. Framkvæmdir:

a. Skúlabraut 22



Framkvæmdastjóri skýrði viðhaldverkefni sem unnið hefur verið að í Skúlabraut 22. Um er að ræða viðgerðir og endurbætur á baðherbergi. Þeim framkvæmdum er að mestu lokið.

b. Hnitbjörg

Fyrir fundinum lágu uppdættir af breytingum á íbúð í Hnitbjörgum. Framkvæmdastjóri útskýrði hvaða hugmyndir hafi verið um breytingar og að framkvæmdir hafi átt að hefjast sl. vetur en ýmislegt hafi orðið til að tefja málið. Stefnt sé að breytingum á einni íbúð í haust. Stjórn ræddi málið og fór og skoðaði íbúð að hnitbjörgum að afloknum fundi.

c. Ægisgrund 2-8

Fyrir fundinum lágu gögn um endurnýjun glugga á húseigninni. Fram kom að nýir plastgluggar hafi komið samkvæmt pöntun í vestuhlið hússins og unnið sé að ísetningu þeirra. Samþykkt að ljúka endurnýjun á gluggum í húsið með því að fá glugga sömu gerðar í austuhlið hússins. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingum og endurbótum á baðherberg íbúðar nr. 2. Stjórnin ræddi breytingar á eigninni og var sammála um að gera þurfi endurbætur á baðherbergjum þar svo þau henti betur öldruðu og hreyfihömluðu fólki.

5. Nýjar lausnir í húsnæðismálum fatlaðra

Fyrir fundinum lágu uppdættir af nýbyggingu íbúða fyrir fatlað fólk sem kæmi í stað sambýlisins að Skúlabraut 22 á Blönduósi. Mikil umræða varð um forsendur slíkrar byggingar, staðsetningu og gerð. Ákveðið að leita til Blönduósbæjar um hentuga staðsetningu fyrir byggingu af þessu tagi.

2. Önnur mál

Rannveig Lena benti á að fundargerðir stjórnar Félags og skólaþjónustunnar væru ekki aðgengilegar á netinu og sama gildi um samþykktir byggðasamlagsins.

Stjórnarformaður þakkaði framkvæmdastjóra samstarfið sl. 4 ár.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 12.10

Jón Gíslason,

Péturína L. Jakobsdóttir

Dagný Úlfarsdóttir,

Rannveig Lena Gísladóttir

Sara Lind Kristjánsdóttir

Magnús B. Jónsson